



## Fundargerð samstarfsnefndar SSA

### Fundur nr. **2** starfsárið 2011 - 2012

Annar fundur samstarfsnefndar SSA haldinn föstudaginn 27. janúar 2012, kl. 11:00 í Neskaupstað. Mætt voru: Jón Þórðarson, Borgarfirði, Páll Baldursson, Breiðdalsvík, Albert Jensson, Djúpavogi, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Fljótsdalshéraði, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Fljótsdal, og Vilhjálmur Jónsson Seyðisfirði. Bárður Jónasson, Vopnafirði og Jens Garðar Helgason, Fjarðabyggð boðuðu forföll og mættu ekki varamenn í þeirra stað. Jón Þórðarson stýrði fundi.

#### Dagskrá:

1. kl. 11:00  
Kynnisferð í Heilbrigðisstofnun Austurlands / Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Á móti nefndarmönnum tóku Valdimar O. Hermannsson, rekstrarstjóri HSA og formaður SSA, Björn Magnússon forstöðulæknir FSN og Lilja Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar. Kynntu þau starfssemi FSN og þróun hennar á síðustu árum. Í framhaldi var farið í kynnisferð um húsnæðið og allar deildir þess skoðaðar. Að lokum var boðið upp á hádegisverð í matsal FSN.
2. kl. 13:00.  
Kynnisferð í Verkmenntaskóla Austurlands. Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir áfangastjóri tók á móti nefndinni. Olga og Þorbjörg kynntu starfssemi skólans og húsakynni.
3. kl. 14:00.  
Formlegur fundur nefndarinnar á Bókasafni VA.
  - a) Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari VA fór yfir starf skólans. Fram kom að nemendur í dagskóla eru nú 205, en skólinn er með 185 ársnemendur. Um 255 einstaklingar stunda nú nám við skólann. Olga fór yfir með hvað hætti væri staðið að kynningum á skólanum gagnvart efstu bekkjum grunnskóla og þær nýjungar sem þau væru að prufa sig áfram með. Farið var yfir samstarf skólanna á Austurlandi og jafnframt velt upp hvernig samstarfsnefndin gæti stutt við starf skólanna.  
Að loknum góðri kynningu og umræðu var Olgu Lísu þakkað fyrir komuna og vék hún af fundi.
  - b) Rætt var almennt um hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni. Samþykkt var að í stað þess að vera með mörg verkefni, þá myndi nefndin einblína á 2 til 3 verkefni og stefna að því að vinna þau vel og leggja fyrir næsta aðalfund SSA.
  - c) Samþykkt var að næsti fundur verði á Egilsstöðum 2. mars nk. og samhliða verði reynt að fá framkvæmdastjórn HSA á þann fund til þess að fylgja þá betur eftir heimsókn nefndarinnar í dag til FSN.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 16:00  
Fundargerð ritaði Páll Baldursson.